

Starfsáætlun Barnaborgar

skólaárið 2024 – 2025



Barnaborg
ÞINGEYJARSVEIT JÚNÍ 2024

Efnisyfirlit

| | |
|--|----------|
| INNGANGUR | 2 |
| HELSTU MARKMIÐ STARFSÁRSINS 2024 – 2025 | 2 |
| UM SKÓLANN | 2 |
| HÚSNÆÐI, BARNAFJÖLDI OG STARFSFÓLK..... | 2 |
| YFIRSTJÓRN LEIKSKÓLANS | 2 |
| VIÐBURÐIR | 3 |
| SÉRSTAKIR DAGAR | 3 |
| PEMU | 4 |
| ÖRYGGISHANDBÓK | 4 |
| VINNULAG Í BARNABORG | 5 |
| ÞÁTTÖKUAÐLÖGUN | 6 |
| JÁKVÆÐUR AGI | 6 |
| SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA | 6 |
| SAMSTARF VIÐ FORELDRA | 7 |
| HEIMASÍÐA BARNABORGAR: RAFRÆN FORELDRAHANDBÓK | 7 |
| INNRA MAT | 7 |
| MATSÁÆTLUN TIL FIMM ÁRA | 8 |

Inngangur

Hér á eftir er áætlun um leikskólastarf Barnaborgar starfsárið 2024 - 2025. Skipulag og megináherslur í starfinu eru kynntar ásamt upplýsingum um öryggisáætlun, samstarf við foreldra, innra mat og vinnulag starfsfólks.

Helstu markmið starfsársins 2024 – 2025

Helstu markmið starfsársins eru að skólastarfið endurspegli nýja skólustefnu Þingeyjarsveitar og uppfærða kafla *Aðalnámskrár leikskóla*. Aukin áhersla verður lögð á útinám og tengingu við nærumhverfi skólans. Jafnframt verður áfram hlúð að sjálfsprottum leik barnanna.

Um skólann

Húsnæði, barnafjöldi og starfsfólk

Barnaborg er til húsa í suðurenda Þingeyjarskóla í Aðaldal. Húsnæðið skiptist í yngri og eldri barna svæði. Forstofa og torg inn af henni eru sameiginleg rými. Útisvæði leikskólans er lítið en ríkulega búið leiktækjum. Utan girðingar tekur við stærra leiksvæði, sameiginlegt grunnskólanum með fleiri leiktæki, fjölbreytta náttúru og landslag.

Í ágúst 2024 munu 25 börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára eiga vistun í Barnaborg. Þegar líður á starfsárið bætast 3-5 börn við. Áætlað er að 8 starfsmenn í tæplega 8 stöðugildum verði við leikskólann í vinnu við umönnun og kennslu barnanna. Þar af er leikskólakennari, iðjupjálfi og þroskajálfi. Einnig er gert ráð fyrir stuðningsfulltrúa í fulla stöðu. Íþróttakennari Þingeyjarskóla sinnir íþróttatímum og tónlistarkennari tónlistartímum.

Yfirstjórn leikskólans

Fræðslu- og velferðarnefnd Þingeyjarsveitar starfar samkvæmt erindisbréfi frá árinu 2023. Fræðslunefnd veitir sveitarstjórn umsögn um ákvarðanir varðandi fræðslumál og gerir tillögur til sveitarstjórnar

Leikskólinn Barnaborg er hluti af Þingeyjarskóla. Nýtt skipurit Þingeyjarskóla tekur gildi 1. ágúst 2024. Þá mun grunnskólastjóri bera ábyrgð á grunnskóladeild og leikskólastjóri mun stýra Barnaborg og Krílabæ. Hann leiðir faglegt starf leikskóladeildanna og ber ábyrgð á að leikskólastarfið fari eftir lögum og reglugerðum um leikskóla. Nanna Marteinsdóttir er deildarstjóri eldri barna. Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir, iðjupjálfi, verður verkefnastjóri yngstu barna í Barnaborg. Hún sér um aðlögun yngstu nemendanna og skipuleggur umönnun þeirra í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Viðburðir

Leikskólinn opnar eftir sumarlokun

Miðvikudaginn 7. ágúst 2024 opnar leikskólinn aftur eftir sumarlokun.

Fjöruféð

Í ágúst er áætlað að fara í fjöruféð.

Foreldrafundur

Verður haldinn fimmtudaginn 6. september.

Ömmu- og afakaffi

16. nóvember bjóða leikskólabörnin ömmum, öfum eða öðrum nánum aðstandendum í síðdegiskaffi í leikskólanum.

Uppskeruhátíð

Á vordögum bjóða leikskólanemendur foreldrum sínum í heimsókn að njóta listaverka sinna og söngs.

Sveitaferð

Í maí er farið í sveitaferð að skoða lömbin og fleiri dýr.

LEIKSKÓLADAGATAL 2024-2025 má finna á heimasíðu leikskólans: [dagskipulag-barnaborgar-vor-2024.pdf \(thingeyjarskoli.is\)](https://thingeyjarskoli.is/barnaborgar-vor-2024.pdf)

Það er einnig aðgengilegt foreldrum í karellen appinu.

Sérstakir dagar

Í Barnaborg eru allir dagar bangsadagar því alltaf er velkomið að koma með lítinn bangsa með sér í leikskólann. Jafnframt eru allir dagar bókadagar því börnin mega gjarnan koma með bók í leikskólann að heiman.

Í **október** er búningadagur.

8. **nóvember** ár hvert er baráttudagur gegn einelti. Í tengslum við það höldum við öfugsnúinn furðufatadag í leikskólanum.

Í **desember** er piparkökubakstur og litlu jól leikskólans. Foreldrafélag leikskólans skipuleggur einnig samverustund foreldra, barna og starfsfólks hluta úr leikskóladegi.

Í **janúar** er dótadagur.

Í **febrúar** kynnumst við lyktinni af þorramat.

Í **mars** er haldið upp á öskudaginn.

Í **apríl** er fönðrað og skreytt í tengslum við páskafrí og vorkomu.

Í **júní** heldur foreldrafélagið grilldag með ýmsum uppákomum.

Þemu

Valin þemu fyrir starfsárið eru víð og geta þróast í þær áttir sem áhugi barnanna og námstækifæri hvernar stundar leiða okkur. Þau eru ætluð sem hugmyndir í starfið, tenging við árstíðirnar, náttúruna og nærsamfélagið.

- Við hefjum starfsárið í ágúst með því að hlúa sérstaklega að vináttu og samskiptum barnanna.
- Þema september er haustið og árstíðaskiptin.
- Þema október er tónlist, hreyfing og tilfinningar.
- Þemu nóvember eru ég og líkaminn minn.
- Þemu desember eru jólin.
- Þemu janúar eru leikur með myrkur og ljós, kulda og yl.
- Þema febrúar er íslenskur menningararfur.
- Þemu mars eru börn og barnamenning um allan heim.
- Þema apríl er umhverfið í kringum okkur, t.d. Laxá, Skjálfafljót, fuglar og skordýr sem við sjáum.
- Þemu maí eru vorið, farfuglar og sauðburður.
- Þemu júní er útivera og leikur með vatn, sull og drullumall.

Öryggishandbók

Í Barnaborg skal tryggja börnum örvandi og öruggt umhverfi. Stefnt er að því að starfsfólk leikskólans fari á skyndihjálparnámskeið á starfsdegi í ágúst.

Í starfinu er stuðst við *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014. Öryggi barna er einnig tengt viðbrögðum gegn einelti. Starfsfólk Barnaborgar er meðvitað um að einelti geti átt sér stað í leikskóla og ræðir samskipti og líðan barna á hverjum starfsmannafundi. Á starfsmannafundum er einnig rætt um útsvæði leikskólans sem og húsnæðið. Þar metur starfsfólk hvar mestar líkur virðast á að börn hnjóti eða meiði sig á annan hátt og ákveður hvornig þurfi að fylgjast með og bregðast við. Upplýsingum um það er komið til skólastjóra og húsvarðar. Áætlun gegn einelti má finna á heimasíðu leikskólans. [eineltisaetlun-google-docs.pdf \(thingeyjarskoli.is\)](#)

Börnin eru skráð inn og út í karellen appi í ípad sem verður á torgi leikskólans. Lögð er áhersla á að starfsfólk viti alltaf réttan fjölda barna í leikskólanum, bæði úti og inni.

Neyðarkort með upplýsingum um hvert barn eru staðsett á hillu á torgi. Upplýsingar um símanúmer foreldra eru í karellen appi sem allt starfsfólk hefur aðgang að. Sérstakar upplýsingar um ofnæmi og lyf eru vistuð í karellen appi og kynnt starfsfólki leikskólans.

SLYS

Ef slys ber að höndum skal alltaf byrja á því að meta aðstæður og í verri tilvikum koma hinum börnunum út úr aðstæðunum og ræða við þau um það sem gerðist. Starfsfólk leitast alltaf við að halda ró sinni.

MINNIHÁTTAR SLYS eru slys þar sem börnin t.d. detta eða rispa sig lítillga og nóg er að þrífa, kæla og hugga. Foreldrar fá upplýsingar í lok dags. Kælipoki er staðsettur í ísskáp. Sjúkrakassi er í neðstu hillu við hliðina á ísskáp.

MEIRI ÁVERKAR: Ef barn hlýtur meiri áverka skal hafa samband við foreldra. Til dæmis högg á tennur, handleggsbrot eða vægt höfuðhögg. Í þessum tilfellum fara foreldrar sjálfir með barnið til læknis ef þörf er á.

ALVARLEG SLYS: Við alvarleg slys, svo sem fótbot, slæm höfuðhögg og hálsáverka er hringt strax í 112 og síðan í foreldra. Ef um hálsáverka er að ræða skal athuga hvort barnið dofnað upp með því að strjúka yfir lófa þess eða iljar með t.d. nál til að athuga hvort það finni fyrir því. Alls ekki má hreyfa barnið ef það finnur ekki fyrir neinu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*. Sótt af:

http://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok_leikskola_2014.pdf

Vinnulag í Barnaborg

Ár hvert er starfsáætlun leikskólans endurskoðuð.

Allt starfsfólk er bundið trúnaði um vitneskju í starfinu um börnin og fjölskyldur þeirra. Sá trúnaður helst að starfi loknu.

Starfsfólk skal reglulega fá fræðslu um öryggismál, slysavarnir og barnaverndarmál.

Starfsfólk skal leitast við að tala jákvætt um vinnustaðinn sinn. Við leggjum áherslu á teymisvinnu og að allir geti komið með hugmyndir og athugasemdir um starfið. Starfsmannafundir verða einu sinni í mánuði.

Við komum fram af sanngirni, sýnum börnunum hlýju og áhuga og leitumst við að mynda við þau tengsl. Við eigum í samræðum við hvert barn a.m.k. einu sinni á dag þar sem við leitumst við að kynnast hugmyndum þess, áhuga og styrkleikum.

Við virðum fjölbreytileikann og stuðlum að jafnrétti í öllu okkar starfi.

Við lítum á börnin sem samverkamenn starfsfólks og foreldra um góðan leikskóla.

Nýtt starfsfólk fær viðtal hjá leikskólastjóra og kynningu á Þingeyjarskóla og skólasýn hans.

Nýtt starfsfólk fær upplýsingar hjá leikskólastjóra og 8deildarstjóra um verkefni í starfinu og kynningu á námskrá, starfsáætlun og vinnuskipulagi leikskólans.

Þátttökuaðlögun

Í Barnaborg fer fram þátttökuaðlögun þegar barn byrjar í leikskólanum. Þátttökuaðlögun byggist á þeirri hugmyndafræði að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Jafnframt byggist þátttökuaðlögun á þeirri kenningu að foreldrar smiti eigin öryggiskennd og forvitni í nýjum aðstæðum til barna sinna. Þátttökuaðlögun felur í sér að foreldrar eru þátttakendur frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum og hafa þannig tækifæri til að kynnast dagskipulaginu, starfsfólki og því námi og starfi sem fram fer í leikskólanum. Þannig geta foreldrar öðlast öryggi sem gefur börnunum mjög sterk skilaboð um að leikskólinn sé öruggur staður til að vera á (Kristín Dýrfjörð, 2009).

Áætlun fyrir þátttökuaðlögun er eftirfarandi:

Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga:

Dagur 1: frá kl. 8:00 – 11:30

Dagur 2: frá kl. 8:00 – 15:00

Dagur 3: frá kl. 8:00 – 15:00

Foreldrarnir eru inni á deild með börnunum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru einnig virkir þátttakendur í aðlöguninni, ræða við foreldri og barn og sinna leikskólabörnunum. Á fjórða degi koma börnin um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Á 4. og 5. degi hefur reynslan sýnt að gott er fyrir börnin að vera sótt fljótlega eftir að þau vakna, þ.e. þau sem leggja sig aðeins einu sinni á dag í leikskólanum, kringum hádegisbilið. Starfsfólk metur aðlögunarferlið út frá þörfum hvers barns og ræðir við foreldra ef betra virðist að sveigja frá skipulaginu. Þau börn sem eiga vistunartíma færri daga vikunnar, fylgja áætluninni að mestu en reikna má með lengri viðveru foreldra fyrstu tvo dagana í annarri viku barnsins í leikskólanum.

Jákvæður agi

Stefnan um jákvæðan aga verður áfram hornsteinn í leikskólastarfinu. Grundvallaratriði líkt og talsmáti og jákvæð framkoma starfsfólks hefur fest rætur í starfinu. Næsta starfsár leggjum áherslu á handleiðslu leiðtoga í jákvæðum aga á sameiginlegum starfsmannafundum alls Þingeyjarskóla. Nýtt starfsfólk fer á námskeið um jákvæðan aga.

Samstarf við grunnskóla

Starfsárið 2024 – 2025 verða fimm börn í elsta árgangi. Eftir því sem líður á síðasta veturinn þeirra í leikskólanum fjölga heimsóknum upp í grunnskólann, á frístundasvæði yngsta stigs, í bókasafn og að sækja mat að hitaborði grunnskólanemenda. Á haustönn er nemendum 1. bekkjar boðið í heimsókn í

leikskólann. Eftir annaskil grunnskólans í janúar 2025 hefjast heimsóknir elsta árgangs í heimastofu 1. bekkjar.

Samstarf við foreldra

Við Barnaborg er starfandi dugmikið foreldrafélag. Formaður þess er Sunneva Mist Ingvarsdóttir. Deildarstjóri fundar með stjórn foreldrafélags Barnaborgar að hausti og vori.

Aðalfundur foreldrafélagsins fer fram í mars eða apríl ár hvert.

Foreldraviðtöl fara fram í október/nóvember og svo aftur í mars/apríl. Deildarstjóri og verkefnastjóri finna hentuga tíma fyrir hvert viðtal í samráði við foreldra. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali og eru hvattir til að bíða ekki með hluti sem brenna á þeim. Fyrir aðlögun er foreldrum og barni boðið í heimsókn og móttökuvíðtal. Foreldrafundur verður haldinn í september til að kynna starfsárið og koma á samræðu milli foreldra og leikskóla.

Heimasíða Barnaborgar: rafræn foreldrahandbók

<https://www.thingeyjarskoli.is/barnaborg>

Heimasíða Barnaborgar er kynning á leikskólanum. Síðan er ætluð til að gefa öllum áhugasömum upplýsingar um helstu einkenni starfsins og hvernig leikskóladagurinn gengur fyrir sig. Þar eru hagnýtar upplýsingar t.d. um opnunartíma og leiðbeiningar til foreldra um fatnað og annað sem tengist veru barns í leikskólanum. Áætlanir og námskrá eru birtar á heimsíðunni. Síðan er kynnt á foreldrafundi að hausti og í móttökuvíðtölum nýrra foreldra.

Innra mat

Starfsárið 2024 – 2025 verður nýtt til að endurskipuleggja innra mat leikskólans. Teymi um innra mat verður endurskipað í ágúst og vinnan hefst að nýju. Á sama tíma verður unnið að uppfærslu námskrár Barnaborgar vegna endurskoðunar á nokkrum köflum Aðalnámskrár leikskóla. Stefnt er að góðu samstarfi við foreldra, t.d. á fundum með stjórn foreldrafélags Barnaborgar og öðrum foreldrafundum.



Matsáætlun til fimm ára

| Viðfangsefni: | 2022 – 2023 | 2023 - 2024 | 2024 – 2025 | 2025 – 2026 | 2026 - 2027 |
|---|-------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Stjórnun: | | | | | |
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | | | | x | |
| Stjórnun og daglegur rekstur | | x | | | |
| Faglegt samstarf | | | | | x |
| Leikskólapróun og starfsþróun | | | x | | |
| Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | x | | | | |
| | | | | | |
| Uppeldis- og menntastarf: | | | | | |
| Skipulag náms og námsaðstæður | x | | | | |
| Uppeldi, menntun og starfshættir | | | x | | |
| Leikur og nám – Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna | | | | | x |
| Námssvið leikskólans | | | | x | |
| Leikskóli án aðgreiningar – leikskóli fjölbreytileikans | | | x | | |
| Mat á námi og velferð barna | | x | | | |
| | | | | | |
| Leikskólabragur: | | | | | |
| Viðmót og menning | | | | x | |
| Velferð og líðan barna | x | | | | |
| Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun | | | | | x |
| Viðhorf foreldra | | | x | | |
| | | | | | |
| Mannauður: | | | | x | |
| Hlutverk leikskólakennara | | | | | |
| Fagmennska starfsfólks | | | | | x |
| Starfsánægja | x | | | | |
| | | | | | |
| Innra mat: | | | | | |
| Framkvæmd | | | x | | |
| Gagnaöflun og vinnubrögð | | | | x | |
| Opinber birting og umbætur | | | | | x |

Við mat á leikskólastarfinu er notast við fjölbreytileg matstæki. Við leggjum mikla áherslu á ígrundun kennara og starfsfólks, samræður við börnin og samstarf við foreldra. Jafnframt er stuðst við leiðbeiningar og gátlista frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Sótt af: <http://vinnuvefur.namskra.is/um/myndefni-a-namskra-is/>

